

bága við grundvallarreglu laga þessara, en hún er sú, að málefni þessu að eins sé skipað öldungis til bráðabirgða.

En af nefndarálitinu og af umræðunum um málið í fólksþinginu er það ljóst, að enginn efi getur verið á því, að ef stjórnin leitar ríkisþingsins, þegar svo er ástatt sem fyr er getið, að lög þau, sem þingið hefir fallið á, mismuna að efni til frá stjórnarfrumvarpinu, þá mun þingið sýna alla þá tilhlýðunarsemi, er sanngirni og kringumstæður heimta, og með því stjórnin þannig gat verið viss um að geta, þegar þesskonar tilfelli bera að höndum, með aðstoð ríkisþingsins burtrýmt þeim ójöfnuði eða ósanngirni, sem á millibilsárunum kynni að koma fram í embættislaunum og eptirlaunum, þá virtist dómsmálastjórninni ekkert vera því til fyrirstöðu að fallast á lög þau, er ríkisþingið samþykkti, og það því fremur, sem ná má tilganginum nokkurnveginn viðunanlega með þeirri aðferð, sem ríkisþingið hefir við haft.

## 2. Opið bréf um löggilding þriggja verzlunarstaða á 19. janúarm. Íslandi.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, og s. frv. Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis hefir Oss allramildilegast þóknast að löggilda verzlunarstaði við Papafjarðarós í Skaptafells sýslu í suðurumdæminu, við Straumfjörð í Mýra sýslu og á Skeljavík í Stranda sýslu í vesturumdæminu á Íslandi.

Fyrir því skal það hér eptir leyft vera að byggja sölubúðir og hafa fasta verzlun á þessum stöðum með þeim skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desembermánaðar 1836, og mega einnig innlendir og útlendir lausakaupmenn koma þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem ákveðið er í nefndu lagaböði og í lögum 15. aprílmánaðar 1854 3. grein.

Eptir þessu eiga allir hlútaðeigendur sér þegnlega að hegða.



1863.

Samkvæmt konungsúrskurði 4. janúarmánaðar 1861 var lagt fyrir alþingi það, er haldið var það ár, frumvarp til opins bréfs um löggilding verzlunarstaðar á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu í vesturumdæminu á Íslandi, þannig hljóðandi:

„Það skal frá 1. degi janúarmánaðar 18.. vera fastakaupmönnum heimilt að setjast að og verzla á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Stranda sýslu í vesturumdæmi Íslands með þeim skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desemberm. 1836, og eptir að búð er að byggja þar eina eður fleiri fastar sölubúðir, sem verzlað er í, þá mega einnig frá ofangreindum degi innlendir og útlendir lausakaupmenn sigla þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem ákveðið er í nefndu lagaþóði og í lögnum 15. aprílm. 1854, 3. grein“.

En í álitsskjali sínu um málefni þetta ræði þingið til að frumvarpið öðlaðist lagagildi þannig breytt:

„Það skal frá 1. degi janúarm. 1862 vera fastakaupmönnum heimilt að setjast að og verzla á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Stranda sýslu í vesturumdæmi Íslands með þeim skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desemberm. 1836. Einnig mega frá ofangreindum degi innlendir og útlendir lausakaupmenn sigla þangað til verzlunar þegar þess er gætt, sem ákveðið er í nefndu lagaboði og í verzlunarlögum 16. apríl 1854 3. grein“.

Til hins sama alþingis komu og uppástungur um löggilding ýmsra verzlunarstaða á Íslandi, og samdi þingið um það mál bænarskrá til konungs, og er í henni beðið um:

1. að Papafjarðarós í Austurskaptafells sýslu verði sem fyrst gjörður að löggildu kauptúni.
2. að Straumfjörður í Mýra sýslu verði löggildur verzlunarstaður,
3. og til vara: að bæði fasta- og lausakaupmönnum verði leyft að verzla af skipum með allar vörur á Straumfirði í Mýra sýslu.
4. að öllum innlendum fastakaupmönnum verði leyft að verzla af skipi á Lambhússundi við Skipaskaga í Borgarfjarðar sýslu.



Til styrkingar þessum uppástungum sínum tilfærði alþingi þær ástæður, er nú skal frá skýrt:

1. Um Skeljavík. Þingið lýsir yfir ánægju sinni yfir þeirri umhyggju, sem stjórnin á seinni árum hefir borið fyrir því, að allt verzlunarástand Íslands komist í rétta stefnu, og fái það fyrirkomulag, er landinu er fyrir beztu; það viðurkennir og gildi þeirrar grundvallarreglu, sem verzlunarlögin eru byggð á, og sem einnig kemur fram í frumvarpi því, sem lagt var fyrir þingið, að hlynnt sé að fastri verzlun og að föstum verzlunarstöðum sé komið á fót, svo að festa og kjarkur komist í kaupskap allan í landinu. En þarsem löggilding Skeljavíkur í frumvarpinu er bundin þeim skilmála, að búið sé að byggja þar eina eður fleiri fastar sölubúðir, og þá fyrst skuli lausakaupmönnum heimilt að verzla þar, þá hêlt þingið að slíkt mundi eigi nauðsynlegt til þess að tryggja næga fasta verzlun í Stranda sýslu, og ætti þessi skilmáli því að þingsins álitu burt að falla. Í þessu tilliti hefir þingið getið þess, að reynslan hafi sýnt, að verzlunarstaðir á Íslandi hafi myndast á þann hátt, að þangað hafi fyrst komið lausakaupmenn, og seinna meir, þegar sú raun hafi verið á orðin, að staðirnir lægju vel við verzlun, og kaupmenn orðnir kunnugir, hvernig þar hagar til, þá hafi menn farið að byggja þar sölubúðir, og að því er Skeljavík snertir, þá sé hún mjög hentuglega sett, og enginn efi á, að þangað muni með tímanum dragast talsverð verzlun; það sé því mest umvarðandi, að sem bráðast megi fara að verzla þar, en sé skilyrði því haldið, sem sett er í frumvarpi stjórnarinnar, þá geti þetta dregið óvíst hvað lengi; þessi dráttur geti stofnað lífi manna í vandræði, sökum þess, hversu það sé torvelt eður optlega jafnvel ómögulegt að ná í matvæli, sem menn eru vanir að kaupa á verzlunarstöðunum, með því vegur sé mjög langur til annara verzlunarstaða en Reykjarfjarðar, en þangað sé opt ófært að komast sökum hafsa, og að jafnaði séu þar svo litlar byrgðir fyrir af nauðsynjavörum, að þar fáið engin hjálp á þeim tíma árs, þegar hennar sé mest þörf. Ef löggiltur væri verzlunarstaður á Skeljavík hefir þingið haldið, að því færi fjærri, að það mundi olla hinnu föstu verzlun apturfarar, heldur mundi það



1863.

miklu fremur verða til þess, að héraðið með tímanum fengi verzlunarstað, er bætt gæti úr þörfum þess, sem nú eru svo tilfinnanlegar.

2. Um Papafjarðarós. Alþingi hefir tekið fram, að íbúar Austurskaptafellssýslu geti hvergi rekið verzlun sína nema á þeim eina stað Djúpavog (Berufirði); þar sé eigi nema ein sölubúð, illa sett, og einatt vöruskortur; þangað sé vegur torsóttur og langur fyrir héraðsbúa; kaupstaðarferðir taki því af langan tíma og séu kostnaðarsamar sökum hrossafjölda þess, er þeirra vegna verði að hafa; en kæmist á fót verzlunarstaður á Papafjarðarós styttist kaupstaðarleið fyrir suma um þriðjung og fyrir marga um helming; þar að auki ættu þá austursveitirnar í Vesturskaptafellssýslu eins hægt að sækja kaupstað þangað eins og nú á Eyrarbakka, og gætu því valið milli tveggja verzlunarstaða. Papafjarðarós sé trygg og góð höfn og þar hafi opt haffær skip hleypt inn undan stormi, og nýlega hafi nokkur kaupskip frá Djúpavogi flutt þangað vörur.

3. Um Straumfjörð. Samkvæmt bænarskrám, er á ýmsum tímum hafa komið til alþingis, hefir þingið optar en einu sinni farið þess á leit, að löggiltur verði verzlunarstaður við Straumfjörð í Mýrasýslu; stjórnin hefir og í þessu efni látið að ósk landsbúa, að því leyti sem hún fyrrum hefir leyft, að sumir kaupmenn mættu sigla þangað til verzlunar í 3 ár<sup>1</sup>. Með því enn á ný hafði komið bænarskrá til þingsins, þótti því ástæða til að ítreka beiðni sína, og tók meðal annars fram sínu máli til styrkingar: að íbúar Mýra sýslu eigi mjög langa og torsótta kaupstaðarleið til Reykjavíkur, þangað er þeir nú sækja kaupstað, hvort sem þeir fara sjóleiðis eður landveg; því sé farið sjóveg, sé leiðin 6 vikur sjávar, skerjótt, brimasöm og með grynningum miklum og torsótt á ýmsan hátt; slíkar kaupstaðarferðir taki optlega af mjög langan tíma; en ef landveg sé farið, þá sé að sækja yfir margar stórar ár, bratta og torsótta fjallvegi; að Búðir, næsti verzlunarstaðurinn fyrir vestan Mýra sýslu, eigi geti bætt úr þörfum manna, með því þar sé aðeins ein sölubúð

1) Smbr. opið bréf 11. maím. 1847.



og vörubirgðir svo litlar, að hinar fjarlægari sveitirnar geti eigi fengið þar nauðsynjar sínar; að við Straumfjörð sæ ein sú trygglegasta höfn, sem skapazt getur: sæ skipalegan í skjóli fyrir öllum vindum, millum kringliggjandi eyja og landkletta, með ægisandi í botni, og innsigling góð; að staður þessi sæ haganlega settur til verzlunar fyrir menn í sveitum, þar sem sæ töluverð velmegun. Jafnvel þó þinginu, eptir því sem nú hefir sagt verið, virtist vera yfirgnæfandi ástæða til, að löggiltur væri verzlunarstaður við Straumfjörð, þótti því þó varlegra, ef svo skyldi fara, að þessi adaluppástunga þess eigi yrði tekin til greina, að koma fram með varauppástungu þá, sem til er greind að ofan undir 3. tölulið, um að lausakaupmönnum verði leyft að verzla þar.

4. Um Lambhússund. Til alþingis kom bænarskrá með 30 nöfnum um að löggiltur yrði verzlunarstaður við Lambhússund, er liggur við hinn svo nefnda Skipaskaga á Akranesi í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu. Alþingi hefir um þetta efni tekið fram: að höfn og innsigling sæ góð við Lambhússund, en ísjárvert sæ að setja kaupþún svo nálægt Reykjavík, með því þingið verði að álíta það rétta verzlunarreglu, að fjölga eigi kaupþúnum nema brýn nauðsyn beri til. En aptur á móti áleit þingið æskilegt, að fastakaupmönnum verði leyft að verzla af skipi með allskonar vörur við Lambhússund, með því slíkt verzlunarleyfi mundi verða jafnt fastakaupmönnum í hag sem landsmönnum. Þingið hefir og um leið getið þess, að það mundi verða verzluninni á Íslandi til framfara ef flutningsleyfi það, sem fastakaupmönnum er veitt í opnu bréfi 19. maím. 1854, væri svo rýmkað, að þeir mættu selja allskonar vörur af skipi, með því það sæ næsta hörd og óeðlileg takmörkun á verzlun fastakaupmanna, að þeir ekki mega selja annarstaðar en á hinum löggiltu verzlunarstöðum aðrar vörur en þær, sem til eru teknar í lagabóði þessu, en vörur þessar sæu ekki nema fáeinar af nauðsynjavörum landsmanna og einmitt þær, sem kaupmönnum sæu sízt útfalar, og þar af leiði, að kaupmenn annaðhvort eigi noti flutningsleyfi þetta eður fylgi eigi ákvörðunum lagabóðsins. En þótt mikið mælti fram með því, að opnu bréfi 19. maím. 1854 yrði



1863.

breytt á þann hátt, sem nú var á vikið, þá vildi þó þingið leiða það fram hjá sér í þetta sinn og einungis biðja um, að gjörð verði undantekning frá lagabodinu fyrir Lambhússund, og er það talin sem sérstakleg ástæða fyrir þessu, að á Akranesi sé næsta þéttbýlt, eptir því, sem gjöra er á Íslandi, og að þangað komi margir menn úr öðrum sveitum í vertíðinni; að frá Akranesi sé torsóttur vegur til næsta verzlunarstaðar, en það er Reykjavík, en á milli Reykjavíkur og Akraness sé þriggja vikna breiður fjörður. Þar að auki hefir þingið tekið fram, að stjórnin með því að veita þrisvarsinum verzlunarleyfi á Krossvík hafi viðurkennt, að þörf sé á að sigling komi á einhvern stað á Akranesi.

Í álitsskjölum þeim, sem konungsfulltrúi hefir sent með þessum bænarskrám þingsins, hefir hann tekið fram viðvíkjandi löggilding verzlunarstaða á Íslandi yfir höfuð, að eptir að búíð sé með opnu bréfi 19. maím, 1854 að veita fastakaupmönnum leyfi til að flytja til þeirra héraðanna, er fjær liggja verzlunarstöðunum, nauðsynjavörur þeirra, og taka aptur á móti íslenzkum vörum, sem borgað er með, þá sé horfin sú ástæða til að fjölga verzlunarstöðunum, að vöruflutningar hafa verið landsmönnum svo örðugir; og hvað snerti þá aðra aðalástæðu fyrir stofnun nýrra verzlunarstaða, að landsmenn á þann hátt eigi hægra með að afla sér vetrarbirgða af nauðsynjavörum úr verzluninni, þá álitur konungsfulltrúi, að sú ástæða sé ekki svo þýðingarmikil, með því reynslan hafi sýnt, að smáir og afskekktir verzlunarstaðir nálega aldrei á vetrum séu birgir af nauðsynjavörum, og að verðlag á vörum þeim, er þar séu til, sé að öllum jafnaði mjög hátt sett; og á hinn bóginn dragi það afl úr aðalverzlunarstöðunum, að löggiltir séu slíkir smáverzlunarstaðir, sem hinir svokölluðu lausakaupmenn einkum nota til að verzla þar. Af þessum ástæðum ræði konungsfulltrúi frá, að löggiltur væri verzlunarstaður við Straumfjörð, og skaut því að eins undir álit stjórnarinnar, hvort næg ástæða virtist vera til að löggilda verzlunarstað á Skeljavík. En um Papafjarðarós hefir hann þar á móti getið þess, að því verði eigi neitað, að Skaptafellssýslubúar öðrum fremur þurfi þess létis í verzlunarathöfnum sínum,



er þeir gætu fengið, með því þeir verði að sækja nauðsynjar sínar annaðhvort á Beruffjörð í Suðurmúlasýslu eður á Eyrarbakka í Árnessýslu, en þeir staðir séu í miklum fjarska og liggi leiðin þangað yfir öræfi og hættuleg vatnsföll; hefir honum því eigi þótt ástæða til að ráða beina leið frá, að löggiltur væri verzlunarstaður við Papafjarðarós; en ef það væri gjört, þá álitur hann, að bæði þar og á Skeljavík ætti að löggilda verzlunarstaði á þann hátt, að verzlunarleyfi lausakaupmanna væri bundið þeim skilmála, að áður væri komin þar á föst verzlun. Loksins hefir konungsfulltrúi látið það álit sitt í ljósi um Lambhússund, að ekki sé næg ástæða til að veita verzlunarleyfi það, sem þar er beðið um, þar sem farið verði af Akranesi til Reykjavíkur á tveim stundum, og vegalengdin hér um bil hálf þriðja vika sjávar, landsmenn hafi nóg af skipum stærri og smærri, en úr efstu sveitunum í Borgarfjarðarsýslu sé vant að fara landveg til Reykjavíkur eður á Borðeyri, en þangað sé leiðin eigi lengri, eða jafnvel dálítið skemmri. Að síðustu getur konungsfulltrúi þess, að kaupmenn í Reykjavík séu vanir að senda á ári hverju eitt eður fleiri kaupför til Akraness til þess að sækja fisk og annan varning, og séu þá um leið fluttar þangað þær útlendar vörur, sem pantaðar hafi verið í verzlun þeirra.

Þá er málefni þetta var borið undir konung gat dómsmálastjórnin þess í skýrslu sinni, að eptir því sem konungsfulltrúi hefði bent á, og þegar lítið væri á, að þegar væru til hér um bil 30 löggiltir verzlunarstaðir á Íslandi, þá væri reyndar ástæða til að fara sér hægt með að leyfa að stofna þar nýja verzlunarstaði, því ef þeir fjölgðu um of, þá gæti hæglega svo farið, að verzlunin kæmist of mjög á sundrung, er vörurnar dreifðust til margra smárra verzlunarstaða, en slíkt mundi optastnær gjöra það að verkum, að litlar vörubirgðir yrðu á hverjum stað, og svo þar að auki spilla verðlagi á vörunum. En eigi að síður áleit stjórnarráðið, að yfirgnæfandi ástæður mæltu með að löggilda verzlunarstaði á Skeljavík, við Straumfjörð og við Papafjarðarós, og er um það efni tekið fram, að í frumvarpi því, er að ofan er getið og lagt var fyrir alþingi, sé lýst yfir þeirri skoðun, að hagfelt muni vera að löggilda verzlunarstað á Skelja-



1863.

vík, og um Straumfjörð og Papafjarðarós féllst stjórnarráðið í aðalatriðunum á þær ástæður, sem alþingi hefir til fært fyrir því, að þar séu stofnaðir verzlunarstaðir, með því íbúarnir í Mýra sýslu og í Skaptafellssýslu eigi sanngjarna heimting á, að greitt sé fyrir því, að þar geti komið á föst verzlun, er enginn löggiltur verzlunarstaður sé í hærudum þessum, og þeir eigi langa leið og hættulega til næsta verzlunarstaðar. Verði nú löggiltur verzlunarstaður við Straumfjörð, svo sem nú hefir verið vikið á, fellur af sjálfu sjer burt varauppástunga alþingis, um að lausakaupmönnum og fastakaupmönnum verði leyft að verzla þar af skipum með allar vörur; annars virtist dómsmálastjórninni ekki eiga að taka þá uppástungu til greina, með því slík ákvörðun kæmi í bága við hin íslenzku verzlunarlög og gjörði það að verkum, að fyrirkomulag verzlunarinnar á Íslandi yrði enn margbrotnara en það er nú.

Þvínæst virtist dómsmálastjórninni eiga að íhuga, hvort hafa ætti hina sömu ákvörðun um löggilding þessara staða viðvíkjandi verzlun lausakaupmanna, sem sett var í frumvarp það, er lagt var fyrir þingið um löggilding verzlunarstaðar á Skeljavík, en sem þingið ræði frá; en sú ákvörðun lýtur að því, að lausakaupmenn ekki megi verzla á stöðum þessum fyrri en búð sé að byggja þar eina eður fleiri sölubúðir, sem verzlað sé í. Þar sem nú þingið hafi sagt, að þetta væri nýtt skilyrði fyrir löggilding verzlunarstaða á Íslandi, þá sé þetta að vísu rétt, að svo miklu leyti sem slík ákvörðun eigi áður hafi verið með berum orðum tekin fram í lagaboðunum, en enginn efi sé á því, að ávallt þegar löggiltir hafi verið verzlunarstaðir á Íslandi hafi svo verið til ætlazt, að þar ætti að byggja fastar sölubúðir, með því það heyri til hugmyndarinnar um verzlunarstað, að þar séu byggð hús þau, er þurfa til að verzla í. Enn fremur er þess getið, að skilyrði þetta einkum er sett til að hlynna að föstu verzluninni, sem landinu er svo mikils umvarðandi til að sjá því fyrir vörubirgðum; það kæmi og í bága við grundvallarreglurnar í opnu bréfi 19. maím. 1854, að aðrir en fastakaupmenn á Íslandi mættu verzla á þeim stöðum, sem ekki eru verzlunarstaðir í eiginlegum skilningi, en það eru þeir ekki meðan



þar er engin föst verzlun. En þó merkar ástæður þannig mæltu fram með að sleppa ekki skilyrði þessu, þótti á hinn bóginn ísjárvert í máli, sem er svo sérstaklegs eðlis, að fara á móti ósk þingsins, sem það lét í ljósi í einu hljóði og kröptuglega í bænarskránni um löggilding Skeljavíkur, og sömu ástæðurnar virtust mæla fram með, að sama reglan sé látin gilda um Straumfjörð og Papafjarðarós, með því aðalástæða sú, er alþingi hefir tekið fram um þetta, eigi heldur sé þýðingarlaus; því ekki verði því neitað, að það geti verið haganlegt fyrir þá, sem ætla að byrja fasta verzlun á einhverjum nýjum stað, að reyna fyrst, hvernig verzlunin gengur af skipi, og kynnast þannig hvernig öllu hagar til á þeim stað, áður en þeir leggja í sölnurnar það fê, er þarf til þess að koma upp verzlunarhúsum.

Frumvarp það, sem samið var í dómsmálastjórninni um löggilding þeirra þriggja verzlunarstaða, sem hér er um rætt, er því samhljóða lagaböðum þeim, sem fyrrum hafa út komið, þá er verzlunarstaðir hafa verið löggiltir á Íslandi, og er því sleppt skilyrði því, sem að ofan er um getið, viðvíkjandi verzlun lausakaupmanna.

Að síðustu er þess getið um þá uppástungu alþingis, að fastakaupmönnum yrði leyft að verzla af skipum á Lambhússundi, að dómsmálastjórninni ekki virtist næg ástæða til að veita leyfi þetta, og féllst hún í þessu efni á athugasemdir konungsfulltrúa, þær er að ofan er getið, og var um leið tekið fram, að fastakaupmönnum úr Reykjavík hafi fyrrum nokkrum sinnum verið veitt leyfi til að verzla á Krossvík á Akranesi, sem liggur rétt hjá Lambhússundi, en eptir að húið hafi verið með opnu bréfi 19. maím. 1854 að leyfa öllum fastakaupmönnum að sigla á aðra staði á landinu en þau löggiltu kauptún, og selja þar helztu nauðsynjavörur, þá hafi ekki þótt ástæða til að endurnýja þetta sérstaklega leyfi. Þar sem það er tekið fram í bænarskrá alþingis, að það virtist æskilegt, að leyfi það, sem í opnu bréfi 19. maím. 1854 er veitt til vöruflutninga m. m. verði rýmkað þannig, að fastakaupmönnum sé frjálst að selja af skipi allskonar varning, hvar sem er, jafnvel þó þingið nú sem stendur hafi látið sér nægja að biðja um, að á þenna hátt yrði rýmkað til,



1863.

að því er snertir Lambhússund, þá getur stjórnarráðið þess, að það sé athugavert, að svo megi virðast, að alþingi, sem gjörði þær uppástungur, er lagaboð þetta er byggt á, hafi þótt ísjárvert, að leyft væri að sigla á alla staði við strendur landsins og verzla þar með allskonar vörur, ekki að eins af þeirri ástæðu, sem tekin er fram í bænarskrá þingsins, að landsmönnum yrði flutt of mikið af munadarvörum, heldur einnig af því, að það gæti orðið til hnekkis verzlunarstöðunum ef verzla mætti á hverri vík og firði, svo væri og hætt við að það mundi leiða til margskonar óreglu þar sem ekkert yfirvald er; og þó gagnstæð skoðun kæmi fram í síðustu bænarskrá alþingis, þá styðjist hún á engan hátt við umræðurnar um málið á þinginu; að minnsta kosti virtist þetta atriði vera svo mikils um varðandi fyrir hina íslensku verzlun, að ekki ætti að gjöra út um það fyrri en væri búið að íhuga vandlega öll atvik málsins og alþingi hefði haft það til meðferðar. En af þessu leiðir aptur á hinn bóginn, að ekki þótti eiga að gjöra undantekning frá lagaboði því, sem hér er um rætt, nema til þess væru öldungis órækar ástæður, en eins og konungsfulltrúi hafi sýnt fram á sèu slíkar ástæður hér varla fyrir hendi. Að endingu er því við bætt, að fyrrum, þegar leyfð var verzlun á Krossvík, hafi verið haft tillit til þess, að íbúar Mýra sýslu gætu verzlað þar í stað þess að fara til Reykjavíkur, en sú ástæða verði þýðingarlítill ef löggiltur verði verzlunarstaður við Straumfjörð.

30. janúarm. **3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um hafnargjöld í Reykjavík.**

Eptir að stjórnarráðið er búið að fá álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 5. aprílm. f. á., um það, hvort lækka skuli hafnargjöld í Reykjavík frekar en gjört hefir verið í hafnartaxta þeim, er dómsmálastjórnin lagði á samþykki sitt 18. febrúarm. f. á.,<sup>1</sup> skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbein-

1) Sjá hér að framan 638.—641. bls.